

Ed.

387. Frumvarp til laga

[131. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fyrrum prestssetursjarðir Kollafjarðar-
nes og Stað í Steingrímsfirði ásamt Ásmundareyjum í Kaldrananeshreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja fasteignirnar:

- a. Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
- b. Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
- c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.

Eignirnar seljist ábúendum Kollafjarðarnes og Staðar eftir matsverði dóm-
kvaddra manna, en ella hæstbjóðanda. Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundar-
ness eftir mati dómkvaddra manna, en ella hæstbjóðanda.

Andvirði hinna seldu eigna skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr.
31/1952, um skipun prestakalla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.